



## Tollskýrslugerðarforrit vegna útflutnings

### Leiðbeiningar um lágmarkskröfur tollstjórans í Reykjavík

Útgáfa 1.4

#### Lágmarkskröfur um villuprófun, lykaskrár og fleira

Til þess að tollskýrslugerðarforrit útflytjanda eða miðlara geti talist fullnægjandi gagnvart tollfyrirvöldum skal það uppfylla viss lágmarks skilyrði, sem sett eru fram af tollstjóranum í Reykjavík. Hér er átt við lágmarkskröfur um villuprófanir, lykaskrár, töflur og fleiri atriði í forritinu vegna útfyllingar útflutningsskýrslu í þeim tilgangi að lágmarka villur í skýrslum. Tollstjórinn í Reykjavík setur það sem skilyrði að áður en útflytjanda eða miðlara er veitt heimild til SMT-tollafgreiðslu (EDI) skuli hugbúnaður hans fullnægja þeim lágmarkskröfum sem hér er greint frá. Leiðbeiningar þessar eru einkum ætlaðar hugbúnaðarfyrirtækjum, sem framleiða hugbúnað til tollskýrslugerðar. Áður en nýr hugbúnaður verður tekinn í notkun við SMT-tollafgreiðslu hjá útflytjendum mun tollstjóri fara fram á að fulltrúar frá embættinu skoði hugbúnaðinn og ennfremur verða prófanir á SMT-skeytasendingum að fara fram milli hugbúnaðarhúss og tollstjórans í Reykjavík.

Um tollskýrslur gildir reglugerð nr. 228/1993 um tollskýrslur og fylgiskjöl þeirra og auglýsing nr. 631/1997 um tölvuvædda tollafgreiðslu vegna útflutnings og eyðublöð fyrir útflutningsskýrslur. Einnig reglugerð nr. 722/1997 um SMT-tollafgreiðslu.

Vísað er til eftirtaldrá gagna, sem gefin eru út af tollstjóranum í Reykjavík:

- Leiðbeiningabæklingur: Tollskýrslugerð - Útflutningur, hér eftir nefndur **LTÚ**.
- Eyðublöð útflutningsskýrslu: Aðaleyðublað (**E-2.1**) og framhaldseyðublað (**E-2.2**).
- Staðall fyrir SMT-tollafgreiðslu vegna útflutnings, CUSDEC/CUSRES, ásamt fylgiskjöllum. Hér eftir nefndur **SMT-tollstaðallinn**.
- Ýmis gögn á heimasíðu embættisins, **www.tollur.is**

Tollskýrslugerðarforrit og SMT-þýðendur skulu e.a. innihalda skrár með þeim lykllum (kóðum), sem nota ber við útfyllingu einstakra reita í útflutningsskýrslu þar sem það á við.

Við útfyllingu útflutningsskýrslu í hugbúnaði til tollskýrslugerðar skal fara fram villuprófun þannig að ekki sé unnt að skrá aðra lykla og upplýsingar en þær sem heimilt er í hvern tiltekinn reit.

Ennfremur skal stærð og gerð svæða vera í samræmi við **SMT-tollstaðalinn** og leiðbeiningar um gerð útflutningsskýrslu; **LTÚ**. Villuprófun skal vera á svæðum á því hvort innslegnar upplýsingar skuli vera númerískar eða alfanúmerískar. Nánari fyrirmæli um útfyllingu einstakra reita útflutningsskýrslu er að finna í **LTÚ** og **SMT-tollstaðlinum**.



## SMT-útflutningsskýrsla

Pappírslaus útflutningsskýrsla, nefnd **SMT-útflutningsskýrsla** er í nokkrum atriðum frábrugðin útflutningsskýrslu á pappír. Upplýsingar um þau atriði er að finna í leiðbeiningum, **LTÚ**, á síðu 24. Útflytjendur og miðlarar sem fengið hafa leyfi til SMT-tollafgreiðslu eru hér nefndir **leyfishafar** SMT-tollafgreiðslu.

### Útfylling einstakra reita í SMT-útflutningsskýrslu

Útfylling einstakra reita skal vera í samræmi við leiðbeiningar um útfyllingu útflutningsskýrslu, **LTÚ**, og **SMT-tollstaðalinn**. Villuprófun skal vera til staðar í hugbúnaði eins og unnt er þannig að reitir sem fylla ber út séu rétt útfylltir.

Sérstaklega er krafist að villuprófun sé fyrir hendi á samspili og samræmi upplýsinga í eftirtöldum reitum:

- Reitur 5 vöruliðir.**  
Að reitur **5 vöruliðir** stemmi við heildarfjölda vöruliða, sbr. reitur **32 Vöruliður nr.**
- Reitir 19 Gámur og 31 Stykki og vörulýsing.**  
Villuprófun skal vera á samspili reita **19 Gámur** og **31 Stykki og vörulýsing** þannig að ef gefið er til kynna í reit 19 að um gám sé að ræða skal þess krafist í hugbúnaði að minnsta kosti eitt gámanúmer sé útfyllt í reit 31.
- Reitir 22 Mynt og heildarfjárhæð reiknings, 28 Fjármála- og banka-upplýsingar og 46 Hagskýrsluverð.**  
Villuprófun skal vera á því hvort upphæð í reit **22 Mynt og heildarfjárhæð reiknings**, að viðbættum eða frádregnum tölum í reit **28 Fjármála- og banka-upplýsingar**, stemmi við samtölu reita **46 Hagskýrsluverð**, þ.e. samtölu hagskýrsluverða á línunum vörunúmera (tollskrárnúmera) í útflutningsskýrslunni. Allt að 8 upphæðir kostnaðarliða mega vera í reit 28.
- Reitur 33 Vörunúmer (tollskrárnúmer)**  
Tollskrárnúmer skv. gildandi tollskrá skulu vera á skrá í hugbúnaði og leyfilegar tegundir tolls og önnur atriði á tollskrárnúmeri, sem krafist er að notuð séu við útfyllingu útflutningsskýrslu, séu tengd tollskrárnúmeri.  
Hjá deild tölvukerfa tollafgreiðslu og upplýsingavinnslu hjá tollstjóranum í Reykjavík, er unnt að fá tollskrárlykla á diskling sem textaskrá til frjálsra nota í tollskýrslugerðarforritum vegna útfyllingar útflutningsskýrslu. Disklingurinn ásamt færsluteikningu og skýringum kostar kr. 2.500,- m/VSK. Skráin inniheldur tollskrárnúmer ásamt atriðum sem tengd eru hverju númeri.  
Æskilegt er að tollskrárnúmer og magntöluupplýsingar séu tengdar vöruskrá og/eða vöru-eikningi í tölvukerfi útflytjanda þannig að þegar útflutningsskýrsla er gerð komi tollskrárnúmer og magntölur tiltekinnar vöru sjálfvirk í viðkomandi reiti í útflutningsskýrslu.



5. **Reitir 35 Þyngd brúttó (kg) og 38 Þyngd nettó (kg)**  
Villuprófun skal vera þannig: Reitur **38 Þyngd nettó (kg)**, sé ekki hærrí en reitur **35 Þyngd brúttó (kg)**, er á við sömu vörulýsingu (þ.e. sömu “línu”). Ekki er heimilt að áætla brúttó- eða nettóþyngd vöru út frá verðmæti hennar.
6. **Reitur 41 Magn í annarri einingu**  
Ef viðkomandi tollskrárnúmer krefst magntölu, sbr. auglýsingu nr. 632/1997, þá sé hennar krafist við útfyllingu útflutningsskýrslu í tollskýrslugerðarforriti. Magntölur geta verið ein eða fleiri á tollskrárnúmeri og eru eftirtaldir:  
STK (fjöldi eininga), LIT (fjöldi lítra), PRO (prósentustyrkur áfengis), RUM (rúmmetratala), PAR (paratala), NET (sérgreind nettóþyngd vegna rafgeyma).
7. **Reitur 44 Viðbótarupplýsingar/Framlögð skjöl/Vottorð og leyfi**  
Tilvísun í leyfi og vottorð skal gerð þannig að fyrst kemur þriggja stafa lykill og síðan kemur allt að fjórtán stafa tilvísun. Lyklar leyfa og vottorða er tengdir tollskrárnúmerum í lykaskrá tollskrár frá tollstjóranum í Reykjavík, sbr. liður 4 hér að framan. Villuprófun skal vera þannig að ef krafist er leyfis eða vottorðs á tollskrárnúmeri í lykaskrá skal hugbúnaður krefjast þess að vísað sé til þess leyfis eða vottorðs í reit 44. Ennfremur skal vera villuprófun til staðar sem gerir kröfu um að ef þriggja stafa lykill leyfis eða vottorðs er útfylltur verði svæði tilvísunar að vera útfyllt. Ef vara í tilteknu tollskrárnúmeri er undanþegin kröfu um leyfi eða vottorð sem kann að vera á tollskrárnúmeri í lykaskrá tollstjóra skal gefa það til kynna með því að rita lykil viðkomandi leyfis eða vottorðs og textann “UNDANÞEGIÐ” í svæði tilvísunar.
8. **Reitur 46 Hagskýrsluverð**  
Í þennan reit má ekki koma mínus tala.

### Útskrift útflutningsskýrslu á pappír og SMT-útflutningsskýrsla - línur tollskrárnúmera

Meginreglan er sú að draga skal saman vörur í vörureikningi eða vörureikningum, sem tilheyra einni útflutningsskýrslu og eru í sama tollskrárnúmeri, í eina línu í útflutningsskýrslu hvort sem um er að ræða skýrslu á pappír eða SMT-skýrslu. Þetta er bundið þeim skilyrðum að upplýsingar, sem tengdar eru tollskrárnúmerinu séu samhljóða, þ.e. upprunaland sé það sama fyrir vörurnar, tollmeðferðin sé hin sama og sams konar leyfi og vottorð og e.a. að aðrar upplýsingar, sem krafist er í útflutningsskýrslunni vegna vörunnar, leiði ekki af sér að sundurliða þarf vörur í línunum í skýrslu þó að þær falli undir sama tollskrárnúmer. Aldrei má sameina vörur í sama tollskrárnúmeri í eina línu í útflutningsskýrslu ef upprunaland, tollmeðferð, leyfi, vottorð o.fl. gögn eru ekki þau sömu fyrir vörurnar.

**Samræmi á framsetningu upplýsinga í SMT-útflutningsskýrslu (CUSDEC-skeyti), útflutningsskýrslu á pappír og útflutningsskýrslu, sem vistuð er í hugbúnaði og tölvukerfi útflytjanda.**



SMT-útflutningsskýrsla, sem send er með CUSDEC skeyti til tollstjóra, skal innihalda upplýsingar eins fram settar og í samræmi við pappírútlutningsskýrslu, sem skrifuð er út úr hugbúnaði útflytjanda. Með þessu er m.a. átt við að ef vörur í sama tollskrárnúmeri eru dregnar saman í eina línu í SMT-útflutningsskýrslu skal slíkt einnig gert þegar sú skýrsla er prentuð út á pappír. Sama gildir þegar vörur í sama tollskrárnúmeri eru **ekki** dregnar saman í eina línu í SMT-útflutningsskýrslu þá skal það ekki heldur gert í pappírútgáfu skýrslunnar. Útlutningsskýrslur, hvort sem um SMT-skýrslu eða pappírsskýrslu er að ræða, skulu vistaðar í tölvukerfi útflytjanda eins og þær voru sendar til tollstjóra og fengust samþykktar þar.

### SMT-tollafgreiðsla

Í reglugerð nr. 722/1997 um SMT-tollafgreiðslu, sem fjallar um pappírslausa tollafgreiðslu, er að finna ýmis ákvæði um vörslu gagna (tollskýrslna) á tölvutæku formi, gagnadagbók (log) SMT-skeyta, útprentun CUSTAR skeyta o. fl., sem tengist hugbúnaði útflytjanda. Þau ákvæði verður tollskýrslugerðarhugbúnaður útflytjanda að uppfylla áður en honum er veitt heimild til SMT-tollafgreiðslu.

SMT-tollstaðalinn og fylgigögn má fá hjá deild tölvukerfa tollafgreiðslu og upplýsingavinnslu hjá tollstjóranum í Reykjavík, sem veitir nánari upplýsingar.